



## Stjórn SSH 424. fundur

Mánudaginn 7. desember 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Lindal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

Forföll: Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

### 1. Viðbúnaður vegna óveðursspar fyrir höfuðborgarsvæðið

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir viðbragðs-áætlun og undirbúning Almannavarna vegna yfirvofandi óveðurs á höfuðborgarsvæðinu.

### 2. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu

Eftirtaldir aðilar sátu fundinn undir þessum dagskrárlið: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður Strætó bs., Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Þorkell Sigurlaugsson formaður fráfarandi framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og Reynir Kristinsson rágjafi frá NOR ehf.

Þorkell Sigurlaugsson gerði fyrst grein fyrir helstu niðurstöðum væntanlegrar lokaskýrslu framkvæmdaráðsins.

Reynir Kristinsson gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur verið í gangi í framhaldi af samþykkt stjórnar SSH frá 12. október sl.

Framkvæmdastjóri SSH fór yfir samantekt á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á vettvangi SSH á grundvelli samþykktar eigendafundar Strætó bs. frá 6. mars sl. Í samantekt framkvæmdastjóra er sett fram tillaga um framhald stjórnarsýslulegs fyrirkomulags á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk eftir að umboð framkvæmdaráðs féll úr gildi 30. september sl.

Umræður

### Niðurstaða:

Samþykkt að fresta umfjöllun um tillögu í greinargerð framkvæmdastjóra þar til endanleg skýrsla framkvæmdaráðs liggur fyrir og umsagnir hagsmunaaðila um skýrsluna og tillöguna liggja fyrir.

### 3. Ákvörðun um eigendafund Strætó bs.

Samþykkt að boðað verði til eigendafundar Strætó bs. strax í byrjun næsta árs þegar niðurstaða fjárlaga fyrir árið 2016 liggur fyrir.

### 4. Samstarfssamningur um þróun hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins

Á fundinn mættu Runólfur Ágústsson, verkefnastjóri hjá Ráðgjöf og verkefnastjórnun ehf. og Guðmundur Guðnason, framkvæmdastjóri samgöngusviðs EFLU og kynntu verkefnið, drög að samkomulagi og ósk um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu.



Umræður

**Niðurstaða:**

Samþykkt að óska eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um málið áður en það verður tekið til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi stjórnar SSH.

5. **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins – stöðuyfirferð**  
Frestað til næsta stjórnarfundar.
  
6. **Erindi bæjarstjórans á Seltjarnarnesi v. greiðslu fyrir námsvist utan lögheimilissveitarfélags**  
Samþykkt að vísa málinu til skólamálanefndar SSH til skoðunar og tillögugerðar.
  
7. **Greinargerð skólamálanefndar SSH vegna innleiðingar á kjarasamningi grunnskólakennara hjá aðildarsveitarfélögum SSH**  
Greinargerðin ásamt fylgiskjölum lögð fram.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn telur eðlilegt að kalla til fundar með skólamálanefnd og SNS í upphafi nýs árs til undirbúnings fyrir gerð nýs kjarasamnings þegar nógildandi samningur rennur út.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55.